

## REGLUGJÖRÐ

7

25. febr.

um

breyting á reglugjörð 7. maí 1924, um bann gegn innflutningi á  
ópörfum varningi.

Þær vörur, sem taldar eru í b-lið 1. gr. reglugjörðar 7. maí 1924, um  
bann gegn innflutningi á ópörfum varningi, er frá þessum degi, og þar til  
öðruvísi kynni að verða ákveðið, frjálst að flytja til landsins.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1925.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGJÖRÐ

8

28. febr.

um

meðferð og notkun rafmagns á Stokkseyri.

### 1. gr.

Rafveitan á Stokkseyri selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem  
hjer segir: Að vestan frá Bræðraborg, um Grund, Brekkur, Bræðratungu, Vatns-  
dal og að Eystri Rauðarhól og alt kaupúnið innan þessara takmarka, að svo  
miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari.

### 2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar; þó má rafveitunefnd, með  
ráði stöðvarstjóra, selja til annara afnota afl það, sem stöðin gæti framleitt  
umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðv-  
arinnar til ljósa.

### 3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 1. september til